



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

5.tbl – maí 2016

Dagur Ungmennadeildar HRFÍ var haldinn hátíðlegur sunnudaginn **10. apríl** í Gæludýr.is á Korputorgi.

Börnum á aldrinum 3-5 ára og 6-8 ára gafst tækifæri til að spreyta sig í sýningarhring með fjórfætta vini sína ásamt því að keppt var í yngri og eldri flokki ungra sýnenda og fullorðinsflokki 18-35 ára og 35 ára og eldri. Skráning fór fram úr björtustu vonum en tæplega 90 skráningar bárust frá þátttakendum á öllum aldri! Dómarar voru Erna Sigríður Ómarsdóttir (barnaflokkar), Elín Rós Hauksdóttir (ungir sýnendur) og Ágústa Pétursdóttir (fullorðinsflokkar) og er þeim færðar bestu þakkir fyrir.



Stjórn Ungmennadeildar HRFÍ þakkar Dyrheimum ehf. fyrir frábær verðlaun og þátttökuverðlaun, Gæludýr.is fyrir gestrisnina, Melabúðinni fyrir glæsilega vinninga í fullorðinsflokki og öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við undirbúning, tóku þátt eða mættu til að fylgjast með þessum skemmtilega viðburði. Deildin mun svo sannarlega halda áfram að standa fyrir viðburðum sem þessum í framtíðinni og mun gera sitt allra besta til að halda utan um barna- og unglíngastar innan HRFÍ og hvetja þau yngstu til að vera með í hundasportinu.

Schäferdeild HRFÍ stóð fyrir skemmtilegu æfingarprófi í Hlýðni brons **16. apríl**. Dómari var Björn Ólafsson og prófstjóri var Hildur Pálsdóttir. 8 hundar voru skráðir í prófið og hefðu 6 náð bronsmerki, vonar deildin að þetta hvetji fólk til þess að skrá sig í próf á vegum HRFÍ. Góð stemning var í fólki og almenn ánægja með framtakið.



Chihuahua-deild HRFÍ var með sitt vinsæla árlega bingó þann **20. apríl** s.l. í Sólheimakoti. Mikið af flottum vinningum og fjöldi manns sem mætti. Kaffi og kruðerí var svo selt í hléi.



Retrierverdeild HRFÍ hélt sitt fyrsta veiðipróf í sumar við Akranes **23. apríl**. Sigurður Magnússon dæmdi og fulltrúi HRFÍ var Sigurður Ben Björnsson, Hávar Sigurjóns gekk með sem dómaranemi. Prófstjóri var Arnar Tryggvason. 10 hundar voru skráðir til leiks og hlutu þeir allir einkun í prófinu.



Skráning er hafin á skrifstofu HRFÍ fyrir tvöföldu sýninguna sem verður helgina 23.-24. júlí. Síðasti skráningafrestur er 10.júní á gjaldskrá 1, það er jafnframt síðasti frestur til að skila inn gotskráningum og umskráningum til að tryggja að það náist fyrir sýninguna.



Á döfinni:

Tvöföld afmælisdeildarsýning Schnauzerdeildarinnar verður haldin dagana 7. og 8. maí upp á Korputorgi, yfir 80 hundar verða sýndir hvorn daginn.

Fyrirlestur um augnsjúkdóma

Skrifstofa í samvinnu við DIF (Deild Íslenska fjárhundsins) mun verða með fyrirlestur um helstu augnsjúkdóma í hundum, hjá Susanne Mølgaard Kaarsholm dýralækni föstudagskvöldið 20.maí kl.20.00 á skrifstofu HRFÍ. Fyrirlesturinn er opin öllum félagsmönnum HRFÍ.

Augnskoðun á vegum Hundaræktarfélag Íslands fer fram dagana **19.-21. maí**. Dýralæknirinn Susanne Mølgaard Kaarsholm frá Danmörku mun koma og augnskoða fyrir félagið. Mun hún augnskoða á Akureyri á fimmtudeginum 19.maí og á skrifstofu HRFÍ Síðumúla 15, 108 Reykjavík 20.-21.maí. Mikil skráning er í augnskoðunina eins og venjulega og minnum við fólk á að mæta tímanlega.

Aðalfundur HRFÍ fer fram sunnudaginn **26. maí** næstkomandi. Frekari upplýsingar um fundinn verða auglýstar á heimasíðu félagsins þegar nær dregur.

Schäferdeild HRFÍ verður með próf í **Hlýðni Brons** laugardaginn **21. maí**. Dómari verður Björn Ólafsson og prófstjóri Hildur Pálsdóttir.

Nýliðadagur Chihuahuadeildar HRFÍ verður haldinn sunnudaginn **29. maí** í **Sólheimakoti** kl.14.00. Hvetur deildin sem flesta nýliða í deildinni að mæta og ræktendur að láta sína hvolpakaupendur vita.